



Hagstofa Íslands

3. desember 2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Efnahags- og skattanefnd Alþingis, frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð, 237. mál, bréf nefndarinnar 22. nóvember 2007**

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð nr. 47/2006. Hagstofan er meðmælt þessu frumvarpi, annars vegar þar sem tillögur þess skýra nánar en núgildandi ákvæði hvaða aðilar falli undir ákvarðanir kjararáðs og hins vegar þar sem eðlilegt virðist og skynsamlegt að kjararáð ákvarði laun og starfskjör þeirra sem taldir eru upp í frumvarpsgreininni.

Hagstofan vill hins vegar minna á að 1. janúar 2008 breytist staða Hagstofu Íslands úr því að vera ráðuneyti í það að vera stofnun undir forsætisráðherra. Hagstofustjóri er nú ráðuneytisstjóri og nýtur kjara sem slíkur samkvæmt ákvörðun kjararáðs. Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, sem nú er til umræðu á Alþingi, segir að hagstofustjóra skuli boðið að taka við starfi hagstofustjóra samkvæmt lögnum með óbreyttum starfskjörum.

Hagstofan er mjög sérstæð og sérhæfð stofnun. Hagstofustjóri er býsna sérstæður embættismaður með afar sértækar skyldur, ekki síst um faglega ábyrgð, stjórnun og hlutleysi á grundvelli laga. Því er þess farið á leit að efnahags- og skattanefnd íhugi hvort bæta eigi hagstofustjóra í hóp þeirra aðila sem sérstaklega er getið í frumvarpsgreininni.

F. h. r.